

Aðalfundur

Skógræktarfélags Íslands 2012

Höfundur Einar Örn Jónsson

Á þriðja hundrað skógræktarmenn víðsvegar af landinu mættu á 77. aðalfund Skógræktarfélags Íslands á Blönduósi helgina 24.–26. ágúst. Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga var gestgjafi að þessu sinni. Fundarstjórar voru þau Jónatan Gardarsson, Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar og Þórhalla Guðbjartsdóttir, Skógræktarfélagi Austur-Húnavetninga. Fundarritarar voru Valtýr Sigurbjarnason, Skógræktarfélagi Eyfirðinga og Jens Benedikt Baldursson, Skógræktarfélagi Akraness.

Föstudagur 24. ágúst

„Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands eru skógræktarhreyfingunni afar mikilvægir. Þeir eru vettvangur skógræktarmanna til líflegra skoðanaskipta og gleðiríkra samverustunda og ég á ekki von á öðru en að fundur okkar hér á Blönduósi muni einnig verða áhugaverður og gleðiríkur.“ (úr ávarpi Magnúsar Gunnarssonar).

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags

Íslands, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann fór í stuttu máli yfir starf félagsins á því ári sem liðið er frá síðasta aðalfundi á Grundarfirði og talaði meðal annars um kaup Skógræktarfélags Íslands á Úlfliótsvatni með skátahreyfingunni og framtíðarsýn skógræktarmanna og skáta á það svæði. Jón Geir Pétursson, sérfræðingur í umhverfisráðuneytinu, flutti því næst fundinum kveðju umhverfisráðherra. Í máli sínu sagði Jón Geir meðal annars að skógar væru nú hægt en örugglega að verða sýnilegri þáttur í íslensku landslagi og það mætti öðrum þræði þakka framlagi skógræktarféлага. Einnig tóku til máls Jón Loftsson skógræktarstjóri, Kári Kárason, bæjarfulltrúi á Blönduósi og Páll Inghóor Kristinsson, formaður Skógræktarfélags Austur-Húnavetninga, sem sagði í máli og myndum frá sögu félagsins og skógræktar í héraðinu. Að ávörpum loknum kynnti Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, skýrslu stjórnar félagsins og reikninga. Því næst kynnti Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður Landgræðslusjóðs, skýrslu sjóðsins.



Páll Inghóor Kristinsson, formaður Skógræktarfélags Austur-Húnavetninga, Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands og Ágúst Þór Bragason, forseti bæjarstjórnar Blönduóssbæjar, skrifuðu undir samning um stækkun landgræðsluskógasvæðisins í Vatnahverfi. Vigdís Finnbogadóttir og Óskar Sigurðsson voru vottar að undirskriftum. Mynd: BJ



Jón Geir Pétursson, fulltrúi umhverfisráðherra, opnar formlega nýja vefgátt á vefsvæði Skógræktarfélags Íslands þar sem skoða má eldri rit Skógræktarritsins. Honum til halds og trausts er Ragnhildur Freysteinsdóttir, starfsmaður Skógræktarfélagsins. Mynd: EJ

Þá var komið að formlegri opnun nýrrar vefgáttar á vefsvæði Skógræktarfélags Íslands. Þar verður hægt að skoða eldri rit Skógræktarritsins á rafrænu formi og leita í þeim eftir efnisorðum. Þessi nýjung mun án efa verða kærkomin skógræktarfólki sem og öðru áhugafólki um garð- og trjárækt enda mikinn og fjölbreyttan fróðleik að finna í ritunum. Jón Geir Pétursson, fulltrúi umhverfisráðherra, opnaði vefgáttina og naut aðstoðar Ragnhildar Freysteinsdóttur, starfsmanns Skógræktarfélags Íslands, við verkið en Ragnhildur hefur haft þetta verkefni með höndum.

Sú nýbreytni var tekin upp á þessum fundi að nefndarstörf fóru fram að loknum hádegisverði á föstudeginum og voru áætlaðar tvær klukkustundir til þeirra. Mæltist þessi breyting vel fyrir enda urðu nefndarstörfin bæði skilvirkari og hnitmiðaðri fyrir



Samson B. Harðarson frá Landbúnaðarháskóla Íslands segir fundargestum frá tilraunareit á vegum Yndisgróðurs á Blönduósi. Mynd: EJ

vikið. Venju samkvæmt voru tvær nefndir, allsherjarnefnd og skógræktarnefnd og fjallaði hvor um sig um tillögur til ályktunar.

Að nefndarstörfum loknum var farið í vettvangsferð um Blönduós og nærsveitir undir leiðsögn Páls Ingþórs Kristinssonar, formanns Skógræktarfélags Austur-Húnvetninga. Fyrst var gengið að tilraunareit á vegum Yndisgróðurs og greindi Samson B. Harðarson frá Landbúnaðarháskóla Íslands gestum frá þessu metnaðarfulla verkefni. Því næst var gengið út í Hrótey með stuttu stoppi við kirkju bæjarins. Eins og skógarmanna er siður, gerðu menn öðru hverju hlé á göngunni og brustu í söng. Eftir að hafa gengið hring um Hrótey var fólki smalað í rútur og ekið sem leið lá að Mánafossi við Laxá á Ásum. Þar hafa hjónin Páll A. Jónsson og Ásdís Björgvinsdóttir ræktað myndarlegan skóg á undanförunum árum og er staðurinn frábært dæmi um hverju einstaklingar og fjölskyldur geta áorkað í skógrækt. Boðið var upp á veitingar á Mánafossi og átti hópurinn þar góða stund í fallettu rjóðri.

Laugardagur 25. ágúst

Dagskrá laugardagsins hófst með fjórum fræðsluerindum. Ágúst Þór Bragason, forseti bæjarstjórnar Blönduóssbæjar og garðyrkjustjóri, fjallaði um samfélagið á Blönduósi, gróðurfar og atvinnulíf, Helena Marta Stefánsdóttir skógvistfræðingur greindi frá rannsóknum sínum á áhrifum skógræktar á ár og vötn og Húnvetningurinn Magnús Björnsson frá Hólabaki flutti fróðlegt erindi um skógrækt og Kína. Þröstur Eysteinnsson, sviðsstjóri Þjóðskóga hjá Skógrækt ríkisins, sló botninn í dagskrána með umfjöllun um kynbótalerkið Hrym sem hann hefur unnið að



Páll Ingþór færir Páli A. Jónssyni þakklætisvott fyrir höfðinglegar móttökur á Mánafossi. Mynd: EJ



Fundargestir ganga í átt að gömlu bæjarrústunum á Gunnfríðarstöðum. Mynd: RF

undanfarin ár. Að erindi sínu loknu bauð Pröstur hverju skógræktarfélagi að þiggja einn bakka af lerkinu góða til að gróðursetja á svæðum sínum.

Að loknum hádegisverði var haldið í skoðunarferð um skógræktarsvæðin á Fjósum í Svartárdal, í Blöndudalshólum og á Gunnfríðarstöðum á Bakásum. Á Fjósum var áð við nýlegt minnismerki sem skógræktarfélagin í Húnavatnssýslum létu reisa um bræðurna Einar, Friðrik og Guðmund M. Björnsyni. Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu var stofn-

aður fyrir tilstilli bræðranna en hlutverk hans er að rækta skóg í sýslunum. Eftir stutta gönguferð um Gunnfríðarstaðaskóg safnaðist mannfjöldinn saman við rústir gamla bæjarins og naut veitinga og tók lagið við harmonikkuleik. Við það tækifæri var afhjúpað upplýsingaskilti um sögu jarðarinnar. Jafnframt skrifuðu Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Páll Ingbór Kristinsson, formaður Skógræktarfélags Austur-Húnavetninga og Ágúst Þór Bragason, forseti bæjarstjórnar Blöndu-ósbæjar, undir samning um stækkun landgræðslu-skógasvæðisins í Vatnahverfi.

Hátíðarkvöldverður í félagsheimilinu hófst með fordrykk í boði umhverfisráðuneytisins. Að loknu borðhaldi voru fimm félagar í Skógræktarfélagi Austur-Húnavetninga heiðraðir fyrir störf sín í þágu félagsins en það voru Árni Sigurðsson, Erla Hafsteinsdóttir, Gísli Pálsson, Jónas Bjarnason og Vigdís Ágústsdóttir. Þá var Gísli Gestsson kvikmyndagerðarmaður gerður að heiðursfélaga Skógræktarfélags Íslands en hann hefur unnið skógræktarhreyfingunni í landinu mikið gagn með gerð fimmtán fræðslu- og heimildamynda um skógrækt. Hjólsmið, skipuð valinkunnum heimamönnum, lék svo undir dansi fram eftir nóttu.



Skógræktarmenn eru upp til hópa söngelskir og eiga til að bresta í söng hvar og hvenær sem er. Hér taka nokkrir þeirra lagið á Gunnfríðarstöðum. Mynd: RF



Upplýsinga- og fræðsluskilti um jörðina Gunnfríðarstaði var afhjúpað á fundinum en í ár eru 50 ár liðin frá því að Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga fékk jörðina að gjöf. Mynd: RF

Sunnudagur 26. ágúst

Hefðbundin aðalfundardagskrá hélt áfram á sunnudag með afgreiðslu reikninga sem voru samþykktir samhljóða. Níu tillögur að ályktunum voru bornar upp á fundinum, eftir umræður og meðferð í nefndum. Tveimur tillögum var vísað til stjórnar til frekari vinnslu.

Samþykktar ályktanir á fundinum voru:

1. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags, Íslands haldinn á Blönduósi 24.–26. ágúst 2012, vekur athygli atvinnuráðuneytis og auðlinda- og umhverfisráðuneytis á niðurstöðum ráðstefnu sem haldin var um innflutning plantna og áhættu af nýjum plöntuskaðvöldum þann 10. mars s.l. í Garðyrkjuskólanum á Reykjum í Ölfusi. Stjórnvöld eru hvött til að efla virkt eftirlit með innflutningi og gera eftirlitsaðilum fjárhagslega kleift að sinna sínu mikilvæga hlutverki.

2. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Blönduósi 24.–26. ágúst 2012, hvetur til að skoðaður verði sá kostur í samgöngum að beina umferð gangandi og hjólandi fólks í auknum mæli inn á upplýsta og breiða samgöngustíga í skógum í þéttbýli. Einnig verði hugað að ræktun skjólbelta í nánunda við stíga þar sem skjóls nýtur ekki nú þegar.

3. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Blönduósi 24.–26. ágúst 2012, beinir því til Innanríkisráðuneytisins að ráðuneytið samþykki áframhaldandi stuðning við Atvinnuáttaksverkefni Skógræktarfélags Íslands og ráðuneytisins, en atvinnuátakið hefur staðið yfir frá árinu 2009. Atvinnuáttaksverkefnið hefur veitt fjölmörgu fólki vinnu, meðal annars við gróðursetningar og uppgræðslu lands. Enn er mikil þörf á að skapa verkefni fyrir fólk í atvinnuleit.

4. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Blönduósi 24.–26. ágúst 2012, skorar á umhverfisráðherra að styðja myndarlega endurnýjun samnings um Landgræðsluskóga, þannig að hægt verði að auka gróðursetningu í eina milljón plantna á ári eins og var í upphafi Landgræðsluskógaverkefnisins um 1990.

5. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags, Íslands haldinn á Blönduósi 24.–26. ágúst 2012, fagnar vinnu nefndar



Jónatan Garðarsson ræðir við Gísla Gestsson heiðursfélaga Skógræktarfélags Íslands og konu hans Eddu Þórarinsdóttur. Mynd: RF



Fimm félagar í Skógræktarfélagi Austur-Húnvetninga voru heiðraðir á aðalfundinum. Þá var Gísli Gestsson kvikmyndagerðarmaður gerður að heiðursfélagi Skógræktarfélags Íslands. Mynd: RF

sem umhverfisráðherra skipaði um gagngera endurskoðun laga um skógrækt. Í greinagerð nefndarinnar til undirbúnings nýrra skógræktarlaga er kafli sem fjallar um félög á sviði skógræktar. Aðalfundurinn telur eðlilegt að Skógræktarfélag Íslands verði getið sérstaklega í nýju skógræktarlögunum líkt og gert er í þeim lögum sem nú gilda.

6. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Blönduósi 24.–26. ágúst 2012, hvetur aðildarfélög sín, sveitarfélög, stofnanir og einstaklinga til að nýta sér þá frjósemi sem lúpína skapar í ófrjósömu landi og rækta skóg í lúpínubreiðum.

7. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Blönduósi 24.–26. ágúst 2012, skorar á Fjárlaganefnd Alþingis að auka sem allra fyrst við fjárveitingar til skógræktar í landinu að minnsta kosti til jafns við raunvirði fjárveitinga ársins 2005 þegar fjárveitingar voru í samræmi við langtímamarkmið og áætlanir.

Kosningar

Guðbrandur Brynjúlfsson og Þuríður Yngvadóttir áttu að ganga úr stjórn Skógræktarfélags Íslands en

gáfu bæði kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Gengið var til kosninga um varamenn í stjórn Skógræktarfélags Íslands. Í framboði voru Kristinn Þorsteinsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Sigríður Heiðmundsdóttir og Þorsteinn Tómasson. Vilhjálmur Lúðvíksson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í varastjórn. Svo fór að Kristinn, Sigríður Júlía og Sigríður voru kosin sem varamenn. Magnús Gunnarsson færði Vilhjálm Lúðvíkssyni blómvönd og sérstakar þakkir fyrir framlag hans til Skógræktarfélagsins.

Erla Bil Bjarnardóttir, formaður Skógræktarfélags Garðabæjar, ávarpaði fundargesti og bauð þá velkomna til aðalfundar í Garðabæ að ári. Páll Ingbór Kristinsson, formaður Skógræktarfélags Austur-Húnvetninga, þakkaði öllum fyrir komuna. Að lokum steig Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, í pontu og þakkaði öllum sem komu að fundinum með einum eða öðrum hætti og sleit honum síðan formlega.

Eftir slit fundarins hélt hluti fundargesta í Laugalandsskóg á Þelamörk þar sem Vígðís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, vígði skóginn formlega sem „Opinn skóg.“